


Rætt við Eggert Guðmundsson listmálara, sem nú sýnir í Myndlistarhúsinu á Klambratúni

Eggert Guðmundsson við málverk af Jóhönnu Egilsdóttur, sem hann hefur gefið Verkakvennafélaginu Framsókn.

Þetta er framlag mitt til þjóðhátíðarinnar

— Það eru nú liðin ein 15 ár síðan ég hef haldið sýningu á borð við þessa, og ég kalla þessa sýningu framlag mitt til þjóðhátíðarinnar í ár, sagði Eggert Guðmundsson listmálari er við heimsóttum hann í gær, skoðuðum sýningu hans og röbbuðum við hann.

— Ég opnaði sýninguna á laugardaginn var, 11. maí, á lokadaginn; mér fannst það vel við hæfi.

— Þú málar mikið frá sjávarsíðunni?

— Já, ég geri það, þar hefur mitt líf verið.

— Er þetta sölusýning?

— Það eru nokkrar myndir til sölu. Það hafa selst ein 18 málverk síðan ég opnaði og um 20 litlar teikningar; ég hef enga ástæðu til að kvarta undan því.

— Hvað spanna þær myndir sem þú sýnir hér yfir langt tímabil á listamannsferli þínum?

— Við skulum nú sjá, það eru nærri 40 ár. Ætli elsta myndin á sýningunni sé ekki síðan 1935 eða 1936, og þær nýjustu eru málaðar í ár.

— Nú vinnur þú sem kennari, Eggert, hvenær hefurðu þá tíma til að mála?

— Það eru 24 tímar í sólarhringnum, vinur minn, og þegar maður vinnur að hugðarefnum sínum þarf maður ekki að sofa nema 3 til 4 tíma í sólarhring.

— Getur listmálari lifað á list sinni á Íslandi í dag?

— Ekki yrði það nú neitt sældarlíf, en þó hygg ég að einhleypur maður, eða þá maður með létt heimili, gæti það.

— Þú virðist ekki hafa látið hina ýmsu ísma eða tískusveiflur í myndlistinni trufla þig?

— Nei, það hef ég ekki gert, en sem svar við þessari spurningu vil ég vitna til hugleiðinga minna um þetta mál í sýningarskrá minni nú.

Þar segir Eggert:

Listamaðurinn á enga samleið með ismum eða stefnum í listsköpun sinni. Ismarnir eru eltifiskar listarinnar, ef svo mætti kalla þá, oft hættulegar afætur og geta orðið allri listsköpun og listamönnum óæskilegir afleiðaðar til ósjálfstæðis. Allar stefnur eru afleiðingar af sjálfstæðum verkum góðra listamanna, sem hafa verið sérstakir og stórbrotnir í sköpun verka sinna. Þeir smærri ætla sér að feta í fótspor *meistaranna en glata þó stundum* um tíma eða alla framtíð sínum eigin eiginleikum. Því miður verður ástríðufullum eltimönnum stefnanna það á, að líta sjálfa sig fróðasta um allt sem við kemur listum, enda sækjast þeir eftir að láta ljós sitt skína og veigra sér ekki við að dómfella sér fullkomnari og betri listamenn. Nei — sjálfstæður listamaður leggur og brýtur alla ísma undir mulningshamri sínum og skapar verk sitt í sinni eigin mynd, samanber fæðingu.

—S.dór

viðtalið

Bændur bjartsýnir

— Bjartsýni bænda er mikil á þessu fádæma blíða vori, sagði Gísli Kristjánsson hjá Búnaðarfélaginu, þegar Þjóðviljinn ræddi við hann í gær. Vorið er afskaplega hlýtt — og hlýindin eru ríkjandi um allt land.

Gísli sagði að vonir stæðu til að sauðburðurinn heppnaðist vel núna, þar eð flestir bændur geta nú látið fé bera úti, en það færi mun betur með fé að hafa það úti, heldur en að láta það bera inni í misjafnlega góðum fjárhúsum.

— Gróður er kominn vel á veg, en einna skemmst þó á Norðausturlandi. Þótt hlýindi hafi verið þar meiri en annars staðar á landinu, þá hefur varla komið dropi úr lofti síðan í mars, sagði Gísli, og þess vegna tók gróðurinn seint við sér.

— Talar nokkur bóndi um kal?

— Þeir eru nokkrir, sagði Gísli, og þá helst í uppsveitum Árnessýslu, Borgarfjarðar og á Vesturlandi. Í Hreppum, Tungum, Skeiðum og Grímsnesi er nokkuð um dreift kal í túnum þar sem klakalög voru hvað lengst á jörðinni.

En Gísli taldi að klaki væri svo til alveg horfinn úr jörð og m.a. þess vegna muni hægt að vænta góðra heyja í sumar. Ýmsir bændur fengu áburð sinn síðla á vorinu vegna verkfalls á farmskipaflotanum, en nú mun áburður kominn til skila á flestum stöðum.

— Geta bændur búist við miklum heyjum og að sláttur hefjist fyrr en venjulega?

— Nú skal ég ekki segja. Í svo góðu vori er fé mikið beitt á ræktað land, og þannig kippir úr sprettu — og svo er vont að spá um veður í júní núna.

—GG

Sauðburður stendur sem hæst og hlýindi um allt

Ekki á móti börnum!

segja Hábæingar

Frétt Þjóðviljans í gær um mótmæli til borgarráðs frá nágrönnum barnaheimilis, sem foreldrahópur ætlar að reka við Hábæ, varð til þess, að nokkrir Hábæingar höfðu samband við blaðið og vildu, að fram kæmi, að þeir hefðu ekkert á móti börnunum.

Áreiðanlega munu viðkomandi foreldrar fagna því, að það eru semsé langtífrá allir íbúar þessarar götu, sem standa að undirskriftunum (enda því ekki haldið fram í fréttinni), heldur aðeins íbúar í þrem eða fjórum næstu húsum við barnaheimilið fyrirhugaða.

Tveir fulltrúar þeirra hringdu einnig til blaðsins og fannst sjónarmið þeirra ekki hafa komið fram; þau væru ekki á móti börnum í sjálfu sér, en á móti barnaheimili. Annar sagði, að í 4 húsum í kring væru 15 krakkar fyrir, hinn sagði 20, og fannst of mikið að 20 bættust við og það jafnt þótt þau væru á afgirtri lóð. Þá taldi annar, að með þessu væri búið að gera sitt hús að engu og svo skapaði þetta fordæmi; íbúarnir væru á móti að húsin væru notuð sem fyrirtæki.

Það kom reyndar fram, að við þessa sömu götu er rekin bílaleiga í einu húsanna með tilheyrandi slysahættu án þess að nokkur hafi hreyft mótmælum við því.

—vh

Hrafnista

Framhald af bls. 4.

upplýsinga, hjá yfirlækni, skrifstofufólki og Tryggingastofnun ríkisins, til þess að örugglega væri farið með rétt mál. En þegar þessar upplýsingar lágu fyrir hafði útgáfa dagblaðanna stöðvaðst.

Um leið og við látum þessum skrifum lokið viljum við birta eftirfarandi yfirlýsingu, sem okkur barst frá trúnaðarmönnum Tryggingastofnunar ríkisins þann 3. apríl 1974.

„Samkv. beiðni sendi ég hér með skýringar á framkv. við greiðslur vasapeninga á Hrafnistu.

Skrifstofufólk Hrafnistu sér um að sækja um vasapeninga fyrir vistmenn sína. Á 3ja mánaða fresti koma 2 trúnaðarmenn Tryggingastofnunar ríkisins með greiðslurnar í lokuðum umslögum og samanlagðan lista í þríriti yfir nöfn og greiðsluupphæðir. Gjaldkerar elliheimilanna kvitta fyrir allri upphæðinni fyrir hönd vistfólksins en afhenda síðan, að viðstöddum trúnaðarmönnum Tryggingastofnunarinnar, umslögin til bótaþega, og um leið merkir gjaldkeri eða fulltrúi hans við viðkomandi nafn. Sama gera trúnaðarmenn T.R. á annað afrit fyrir hönd T.R.

Nú er aldrei hægt að afhenda öll umslögin þann sama dag og trúnaðarmenn T.R. eru á ferð og koma þar til margar orskir, en umslög þau eru afhent gjaldkera ellih., sem síðar kemur þeim til bótaþega.

Komi það fyrir, sem mjög sjaldan skeður, að peninganna sé ekki vitjað, hefur Hrafnista endurgreitt T.R. bæturnar.

Tryggingastofnun ríkisins."

Við viljum ljúka máli okkar með tilvitnun í orð einnar vistkonu á D.A.S. sem birtist í síðasta „Hrafnistubréfi", en þar segir hún m.a.: — „Ég er búin að vera hér í 5 ár og hef ekki yfir neinu að kvarta. Það er allt gert fyrir vistfólkið sem hægt er. Starfsfólkið er allt elskulegt og hjálpsamt. En ég veit líka að til eru margir hér sem annars staðar, sem setja útá allt, finna að öllu og vanþakka allt."

Þessa lýsingu vonum við að fleiri geti tekið í sinn munn en þann róg sem fram kemur í fyrrnefndum blaðagreinum.

Stjórn Sjómannadagsráðs
og D.A.S. Hrafnistu.
Pétur Sigurðsson
Guðm. H. Oddsson
Kristens Sigurðsson
Hilmar Jónsson
Tómas Guðjónsson

Olía

Framhald af bls. 1

vétmenn miða við. Nú eru ugglaust dæmi um lægra verð, en treysta menn sér til að fullyrða að svo sé að meðaltali og þegar frá líður?

Finnar kaupa mikið af olíu af nágrönnum sínum, og þeir miða við Rotterdam-prísana. Þeir hafa unað því fyrirkomulagi ákaflega illa í vetur og sendu meira að segja sjálfan forsetann, Kekkonen, til Moskvu til þess að semja um ögn bærilegri kjör.

Forstjóri Shell segir í Morgunblaðinu að sjálfsagt væri að olía væri seld hér innanlands á verði sem svaraði til innkaupsverðsins á hverjum tíma. Það átti sem sagt að þrefalda bensín og húsakyndingarolíu og annað í verði hér í haust þegar verðið steig skyndilega á braskmarkaðinum í Rotterdam! Hefði það verið íslenskum neytendum hagstætt? En hvernig er það? Á þá ekki að lækka verðið á húsakyndingarolíunni nú þegar í stað um svo sem 20—30%? Eða er það ekki prósentan sem suður-amerísku skráningin á þeirri olíutegund lækkar um í þessum mánuði? Kannske Morgunblaðið, málgagn Geirs og Shell, vilji útskýra afstöðu sína til þess?

hj —

Dómsmálanefndin tekur af skarið

Washington 15/5 — Dómsmálanefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings sem ganga á úr skugga um hvort grundvöllur er fyrir því að stefna Nixon forseta fyrir ríkisrétt, sýndi í dag svart á hvítu að Nixon og lögfræðingar hans skulu ekki fá að ákveða hvað er nægilegt magn af sönnunum og hvað ekki.

Allir nefndarmenn að einum undanskildum greiddu því atkvæði að krefjast þess að nefndin fái aðgang að 11 segulbandsspólum til viðbótar með samtölum Nixons og aðstoðarmanna hans. Einnig krafðist nefndin þess að fá afhentar dagbækur forsetans yfir samtals níu mánaða skeið á árunum 1972 og '73.

FÉLAGSLÍF

Sjálfsbjörg, Reykjavík

Farið verður í eins dags ferð 25. maí nk. Félagar, látið vita um þátttöku í síma 25388 fyrir 21. maí.

Ferðanefndin

Þökkum auðsýnda samúð vegna útfarar

Stigs Sælands

fyrrverandi lögregluþjóns í Hafnarfirði.

Auður H. Herlufsen
Eiríkur Sæland
Sólveig Sæland
Ragnheiður Pétursdóttir
og barnabörn.

Harry Herlufsen
Hulda G. Sæland
Einar Ingvarsson
Hreiðar Eiríksson